

Alþingi
Erindi nr. P 139/898
komudagur 10.12.2010



SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

BK/eeg/10/1814

10.12.2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisauka-
skatt, með síðari breytingum (rafræn þjónustusala og eftirlit vegna áætlana), þskj. 227,
208. mál.**

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvupóstur frá Efnahags- og skattanefnd Alþingis, 2. og 8. desember 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, þskj. 227, 208. mál. Af því tilefni er Efnahags- og skattanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi

u m s ö g n

Í 9. gr. b frumvarpsins er getið um tiltekin viðbrögð ríkisskattstjóra, ef út af lögbundinni skilaskyldu virðisaukaskattsskýrslna er brugðið. Er þannig ráð fyrir því gert að ríkisskattstjóri skuli leggja á skattaðila gjald að fjárhæð kr. 5.000 fyrir hverja virðisaukaskattsskýrslu í þeim tilvikum þegar skýrsla berst eftir lögboðin tíma og skattaðili að þeim sökum sætt áætlun virðisaukaskatts. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er að því vikið sem skýringu að mikill tími skattyfirvalda og innheimtuaðila fari í umsýslu vegna áætlaðra aðila. Í athugasemdum frumvarpsins við greinina sjálfa er tilgreint af sama meði að síðbúin virðisaukaskattsskil séu gríðarlega kostnaðararsöm fyrir skattyfirvöld og innheimtumenn ríkissjóðs eins og þar segir. Virðist því samkvæmt þessu markmið þessarar greinar frumvarpsins að mæta þeim kostnaði sem óbeint fellur á ríkissjóð með framkvæmd áætlana og eftir atvikum síðbúnum skilum.

Í greinargerð með 9. gr. b. frumvarpsins eru jafnframt skýringar að allt öðrum meði þar sem segir að „Engin viðurlög hafa verið við vanskilum skýrslna utan lögbundins álags...“. Vegna þessa þykir rétt að taka fram að þau vanhöld á skilum skýrslna sem hér um ræðir varðar að gildandi lögum refsingu, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1888, um virðisaukaskatt. Hefur því ákvæði verið beitt af hálfu bæði yfirkattanefndar og dómstóla, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar frá 25. mars 1999, mál nr. 467/1998.

Samkvæmt framanrituðu er óljóst hvort ætlun löggjafans sé með framangreindu ákvæði 9. gr. b. frumvarpsins að lögbinda gjald vegna umsýslu skattyfirvalda og innheimtumanna ríkissjóðs í tengslum við áætlanir eða hvort ætlunin sé að breyta gildandi lagaákvæðum um viðurlög við brotum á lögum um virðisaukaskatt vegna vanrækslu á skilum. Gilda um þetta tvennt í grundvallaratriðum mismunandi sjónarmið. Sé ætlunin hið fyrrnefnda þarf að lagfæra greinargerð frumvarpsins í samræmi við það en sé ætlunin hið síðarnefnda þarf að huga að



sampili ákvæðisins við þau úrræði sem þegar eru fyrir hendi auk þess að hyggja að sjónarmiðum um tvöfalt refsinemi.

Þá er ástæða til að nefna að gert er ráð fyrir að áðurgreint gjald verði lagt á í kjölfar þess að skattaðili skili skýrslu. Er hætt á því að slíkt gjald geti dregið enn frekar úr vilja skattaðila til að standa skil á skýrslum, sérstaklega hafi áætlanir staðið yfir í langan tíma. Þá er ástæða til að huga að því hvort heimild eigi að vera til staðar til að kæra álagningu umrædds gjalds til yfirskattanefndar.

Önnur ákvæði frumvarpsins, einkum 2., 6. og 9. gr. a telur skatttrannsóknarstjóri ríkisins til þess fallin að styrkja möguleika skattyfirvalda á skilvirku eftirliti með virðisaukaskattsskilum.

Virðingarfyllst,

Bryndis Kristjansdóttir